

Kæru áheyrendur. Innilegar hamingjuóskir til allra á þessu afmælistíðingum Heilbrigðisvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Eins og þið flest vitið er Heilbrigðisvísindastofnun sameiginlegur vettvangur rannsókna og þróunarstarfs á Heilbrigðisvísindasviði. Að henni standa allir vísindamenn sviðsins, deildir og rannsóknæiningar.

Þó að nú sé fagnað tæplega tveggja ára afmæli hennar á stofnunin sér lengri aðdraganda. Í skýrslu um rannsóknastofnanir Háskóla Íslands sem forveri minn í embætti rektors, Kristín Ingólfssdóttir, lét gera fyrir rúmum fimm árum, var sett fram ítarleg greining á skipulagi rannsóknarstarfs innan Háskólans. Í skýrslunni voru einnig settar fram ábendingar um hvernig efla mætti stoðþjónustu við rannsóknir og rannsóknainnviði til að ná enn betri árangri á þessu sviði til framtíðar. Þótt enn hafi ekki verið unnið til fulls úr þessum efniviði hefur á síðustu árum margt verið gert til að efla rannsóknastarf við Háskóla Íslands, enda eru rannsóknir í öndvegi í stefnu Háskóla Íslands 2016-21. Í þessu sambandi má t.d. nefna að í kjölfar stefnunnar hefur verið gerð ítarleg greining og sett fram áætlun um uppbyggingu rannsóknainnviða sem hefur m.a. að markmiði að auka samvinnu, nýta betur takmörkuð gæði og gefa í þar sem þörfin er mest. Einnig hefur alþjóðlegt rannsóknasamstarf aukist til muna, bæði í gegnum samstarf einstakra vísindamanna og rannsóknahópa og ekki síður með skipulegri þátttöku Háskóla Íslands í öflugum samstarfsnetum háskóla og er unnið að enn frekari eflingu slíks samstarfs á næstu árum.

Heilbrigðisvísindasvið er tvímælalaust eitt öflugasta fræðasvið Háskóla Íslands á sviði rannsókna og rannsóknanáms og hefur verið sérlega ánægjulegt að sjá t.d. þann glæsilega árangur sem náðst hefur með öflugum

samstarfi á vettvangi Lífvísindaseturs Háskóla Íslands, en setrið var einmitt heiðrað sérstaklega á fyrsta ársfundi Háskólans á síðastliðnu ári. Annað frábært dæmi um slíkt er einmitt Heilbrigðisvísindastofnun.

Víða um heim eru rannsóknir í heilbrigðisvísindum í farabroddi og þannig er því einnig farið hér á landi. Ein ástæðan fyrir þessu er eflaust sú að mikilvægið fyrir hag almennings er svo ótvírætt og augljóst. Gott dæmi um þetta er hvernig heilbrigðisvísindi hafa verið í farabroddi í baráttunni við COVID-19. Þá eru rannsóknaraðferðir á sviði heilbrigðisvísinda fjölbreyttari en almennt gerist. Við sjáum hér jafnt aðferðir raun- og náttúruvísinda sem og þekkingaröflun t.d. í formi djúpvíðtala. Dagskráin hér í dag endurspeglar þessa breidd vel.

Styrkur rannsóknastofnana á borð við Heilbrigðisvísindastofnun felst ekki síst í þeim samlegðaráhrifum sem stofnunin býður upp á. Á þetta ekki aðeins við um samstarf starfsfóksins, heldur einnig sameiginlega uppbyggingu innviða á borð við rannsóknastofur og aðstöðu, stuðning við styrkjasókn í erlenda og innlenda sjóði og umsjón með bókhaldi og skýrslum til rannsóknasjóða. Einnig má nefna nýja Móttöku Heilbrigðisvísindastofnunar á 3.hæð í Læknagarði þar sem unnt verður að taka á móti þátttakendum í klínískum rannsóknum til mælinga og í viðtöl. Öll þessi samlegð einfaldar rannsóknarstarf og léttir byrðar og gefur þannig rannsakendum meira svigrúm til að einbeita sér að verkefnum sínum og viðfangsefnum.

Eitt af því sem Heilbrigðisvísindastofnun hefur gert svo vel er að taka burt deildarmúra á þessu stóra og breiða fræðasviði og þannig búa til sameiginlegan vettvang til rannsókna og þekkingarleitar. Og það er

sértaklega á mörkum þessara mörgu greina sem hér eiga heima sem nýjar lausnir verða til, ný þekking og ný tækifæri.

Í þessu sambandi má nefna Heilsubrunn sem eitt mikilvægt verkefni Heilbrigðisvísindastofnunar. Heilsubrunnur byggir á áralöngum undirbúningi með tæknilausnir og samstarfi langt út fyrir Háskóla Íslands. Tilgangurinn með verkefninu er að bæta aðgengi að rannsóknagögnum á sviði heilbrigðisvísinda og efla vísindastörf.

Í Heilsubrunni er unnið með heilbrigðisstofnunum á Íslandi, byggð er upp dreifð tilhögun þar sem hver eigandi eða ábyrgðaraðili gagna hefur áfram umsjón með og yfirsýn yfir þau gögn sem lögð eru til verkefnisins.

Þegar litið er til allra þeirra rannsóknarverkefna sem hafa skotið rótum og fest sig í sessi á þeim tæpum tveimur árum sem liðið er frá því að Heilbrigðisvísindastofnun var sett á laggirnar er óhætt að fullyrða að framtíðin sé björt. Við þetta bætist að við erum að vinna hörðum höndum að því að nýtt húsnæði Heilbrigðisvísindasviðs verði að veruleika áður en langt um líður og opni á sama tíma og meðferðarkjarni Landspítalans.

Góðir áheyrendur. Það er glæsileg dagskrá framundan og ætla ég því ekki að lengja mál mitt frekar. Ég vil að lokum óska okkur öllum aftur innilega til hamingu með Heilbrigðisvísindastofnun og bið Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, aðstoðarrektor vísinda, að taka við fundarstjórninni.

Takk fyrir.